



Fundargerð stjórnar SSA nr. **3** starfsárið 2012 – 2013

Fundur var haldinn í stjórn SSA fimmtudaginn 22. nóvember 2012 kl. 12:00. Fundurinn hófst með hádegisverði á Gistihúsinu á Egilsstöðum. Fundarstaður: fundarsalur Austurbrúar að Miðvangi 2, Egilsstöðum.

Mættir voru: Stefán Bogi Sveinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Sigrún Blöndal, Unnur Björgvinsdóttir og Gauti Jóhannesson. Þá sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson, verkefnastjóri Austurbrúar sem ritaði fundargerð.

Þórunn Egilsdóttir og Bárður Jónasson boðuðu forföll

Formaður Valdimar O. Hermannsson setti fundinn og gengið var til dagskrár:

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) Stjórnarfundur SSA 2. október 2012. Fundargerðin samþykkt.
- b) Framkvæmdarráðs SSA frá 10. október 2012. Fundargerðin samþykkt.
- c) Stjórnarfundar Sambands íslenskra sveitarfélaga, fundur nr. 800. Lögð fram til kynningar.
- d) Stjórnar Eypings, dags. 11. september, 2. október, 5. október og 22 október. Lögð fram til kynningar.
- e) Stjórnar SASS 461. fundur. Lögð fram til kynningar.
- f) 36. aðalfundur S.S.S, dags. 5. október 2012. Lögð fram til kynningar.
- g) Stjórnar F.V. dags. 3. og 31. október 2012. Lögð fram til kynningar.
- h) 28. Fundar samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og K.Í. Lögð fram til kynningar.
- i) Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Austurlands dags. 24. október 2012. Lögð fram til kynningar.
- j) Stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands dags. 5. nóvember 2012. Lögð fram til kynningar.

2. Umsagnir um frumvörp:

- a) Lögð fram umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um drög að frumvarpi til laga um náttúruvernd, til kynningar.
- b) Lagt fram minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga um drög að frumvarpi til laga um almenningssamgöngur. Stjórnin samþykkti að taka undir áherslur sambandsins sem koma fram í minnisblaðinu.
- c) Lögð fram til kynningar tillaga að landsskipulagsstefnu 2013-2024 og umhverfisskýrslu, ásamt drögum að umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga sem lögð er fyrir skipulagsmálanefnd sambandsins.

- d) Frumvörp um B- gatnagerðargjald og tekjustofna sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.
- e) Endurskoðun á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun. Lagt fram til kynningar.
- f) Frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun. Lagt fram til kynningar.
- g) Frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (selir), 46. mál. Lagt fram til kynningar.
- h) Frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs (hlutverk Reykjavíkurflugvallar, heildarlög), 120. mál. Lagt fram til kynningar.

3. Bréf til stjórnar SSA:

- a) Lagt fram bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga dagsett 7.nóvember 2012 um úthlutun fjárframlags til landshlutasamtaka sveitarfélaga.
- b) Bréf frá sveitarstjóra Breiðdalshrepps varðandi fyrirhugaða niðurfellingu vega af vegaskrá í Breiðdalshreppi. Verkefnastjóri lagði fram lista yfir vegi sem Vegagerðin hefur ákveðið að fella út af vegaskrá í Borgarfjarðarhreppi, Fjarðabyggð, Fljótsdalshéraði og Seyðisfirði. Stjórnin tekur undir mótmæli Breiðdalshrepps og telur mikilvægt að allar breytingar á vegalögum verði gerðar í samráði við sveitarfélögin. Þá telur stjórnin það algjört grundvallaratriði að áður en slík ákvörðun er tekin sé hún kostnaðarmetin og kynnt sveitarfélögunum ásamt því hvernig bæta eigi þeim aukin kostnað við veghald.

4. Önnur mál:

- a) Lagt var fram minnisblað framkvæmdarstjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga um hlutverk landshlutasamtaka og stjórnsýslustig á Íslandi. Stjórnin samþykkti að tilnefna Stefán Boga Sveinsson og Arnbjörgu Sveinsdóttur í nefnd til að fjalla um hlutverk landshlutasamtaka og þróun í svæðasamvinnu sveitarfélaga á Íslandi m.t.t. þess hvort hugsanlega stefni í myndun þriðja stjórnsýslustigsins hér á landi.
- b) Lagt fram til kynningar minnisblað Samband íslenskra sveitarfélaga frá vinnufundi velferðarráðherra.
- c) Lagt fram til kynningar dagskrá Fifth meeting of the EEA EFTA forum Ísafirði 21-22 june 2012. Valdimar Hermannsson mun sækja 6. fund EEA/EFTA vettvangsins í Brussel sem haldinn verður dagana 26. og 27. nóvember nk.
- d) Kynntur var útdráttur úr skýrslunni Samfélag, atvinnulíf og íbúðarþróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun sem Bygðarstofnun gaf út í júní 2012.
- e) Ályktanir 20. ársþings SSNV. Lagðar fram til kynningar.
- f) Ályktanir aðalfundar SSS. Lagðar fram til kynningar.

g) Kynnt var skýrsla um starfsemi ríkisins í Norðausturkjördæmi. Samþykkt var að halda almennan fund um efni skýrslunnar á Hótel Héraði miðvikudaginn 23. Nóvember kl. 12:30. Höfundar skýrslunnar munu kynna efni hennar.

h) Vinnuhópur um refa- og minkaveiðar. Eftirtaldir aðilar voru tilnefndir frá:

Fljótsdalshreppi	Lárus Heiðarsson
Seyðisfjarðarkaupstað	Vilhjálmur Jónsson
Djúpavogshreppi	Albert Jensson
Breiðdalshreppi	Jónas Bjarki Björnsson
Fjarðarbyggð	Úlfur Trausti Þórðarson

Stjórnin samþykkt að Vilhjálmur Jónsson bæjarstjóri á Seyðisfirði kalli sama vinnuhópinn.

i) Minningarsjóður Ragnhildar Methúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar.

Eftir samráð við umsjónarmann minningarsjóðsins er gerð tillaga um að ekki verði úthlutað úr sjóðnum árið 2012 til að jafna ofúthlutun frá tveimur árum þar á undan.

Einnig er gerð tillaga um að stjórnin veiti heimild til að höfða ógildingarmál, ef þörf krefur, vegna bankabókar sem er glötuð svo að unnt sé að nálgast innistæðu á henni.

Þá varð lagður fram ársreikningur undirritaður af stjórn fyrir árið 2011.

j) Lagt var fram minnisblað frá Hilmarí Gunnlaugssyni lögmanni hjá Sókn Lögmannastofu ehf. um framlengingu samninga við akstursaðila vegna almenningssamgangna á Austurlandi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi því slitið kl. 15:40
Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari.